

Summarhópurinn varð haldinn í Kvennaathvarf.
Á fundi Kvennaframbóðs í Hallvegastíg í nóv/81
var stopaður hópur um athvarf fyrir konur og börn.
Niður stada hópsins var að senda
þetta bréf til Kvenna samtaka. (Kvönn Jón)

242

Reykjavík 11. mars 1982

Til

Framkvæmdarnefndar Kvennaframboðs
Hótel Vík v/Veltusund

Agætu samtök/starfshópur:

Í mörgum löndum Vestur-Evrópu eru starfandi athvörf fyrir konur er beittar eru ofbeldi. Athvörf þessi hafa sprottið upp á síðustu 10 árum og enn eru slík neyðarathvörf sett á stofn enda er þörfin fyrir þau því miður brýn. Hér á Íslandi verða konur líka fyrir ofbeldi og því full þörf á slíku athvarfi. Umræða um þessi mál hefur verið lítil sem engin, enda er litið á allt sem fer fram innan veggja heimilanna sem einkamál viðkomandi.

Starfshópur helgaður neyðarathvarfi fyrir konur og börn hefur starfað innan vébanda Samtaka um Kvennaframboð í Reykjavík síðan fyrir jól. Hópurinn komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að málefni þetta væri svo brýnt að mikilvægt væri að koma upp slíku neyðarathvarfi sem fyrst. Í framhaldi af því hefur hópurinn verið slitinn úr tengslum við Kvennaframboðið sem slíkt og starfar nú sjálfstætt að þessum málum.

Starfshópurinn hefur nú ákveðið að boða ýmis kvenna-samtök og einstaklinga á fund 1. apríl n.k. kl. 20³⁰ í Kaffi-stofu Hótel Heklu til viðræðna um þessi mál og til að kanna hljómgrunn fyrir samstarfi að þessum málum til að tryggja að slíkt neyðarathvarf fái sem viðtakastan stuðning. Bjóðum við því 2 fulltrúum frá yður á fund þennan. Til umræðu á fundinum yrði m.a. rekstur athvarfs, fjármögnun og markmið og hvernig haga mætti samstarfinu að þessum málum. Fyrsta skrefið í slíku samstarfi yrði t.d. að boða til opins fundar um konur og ofbeldi og í framhaldi af því möguleg stofnun formlegra samtaka um neyðarathvarf fyrir konur og börn.

Vinsamlegast tilkynnið starfsmanni Kvannaframboðs,
Kristínu Ástgeirsdóttur, þátttöku fyrir 30.mars n.k.
í síma 21500 á tímabilinu frá kl. 15-17.

F.h. athvarfshóps

Margrjet Rina Gudmundsdóttir

F.h. framkvæmdarnefndar Kvannaframboðs

Kristín Ástgeirsdóttir

Bréf þetta er sent til eftirtalinna:

Aðilar að könnun á fjölskylduofbeldi í Reykjavík.
Bandalag kvenna í Reykjavík.
Kvenfélagasamband Íslands.
Kvenréttindafélag Íslands.
Rauðsokkahreyfingin.
Starfshópurinn sá er vann að þýðingu bókarinnar „Nýi
kvannafræðarinn“.